

Félagsvísindasvið

...ING, AND  
YMBOLS

E COMMUNICATION  
INFORMATION


CHARLES T. MEADOW

EVERYDAY  
INFORMATION  
PRACTICES

social  
phenomenological  
perspective



Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands  
Háskólaútgáfan



ROWENA CULLEN

Peter Ingwersen  
Kalervo Järvelin

The Turn

Integration of Information Seeking and  
Retrieval in Context

THEORIES OF  
Information  
BEHAVIOR

Edited by Karen E. Fisher,  
Sandra Erdelez, and  
Lyne (E. F.) McKechnie

## Bókasafns- og upplýsingafræði

Félags- og mannvísindadeild

[www.felagsogmannvis.hi.is](http://www.felagsogmannvis.hi.is)

Bókasafns- og upplýsingafræði byggir á kunnáttu á eðli og einkennum upplýsinga og þekkingar. Á sviði greinarinnar fæst fólk við að afla, skipuleggja, varðveita og miðla upplýsingum, þekkingu eða hugsun sem skráð er með einhverjum hætti. Stórtækar framfarir hafa orðið á möguleikum á þessu sviði og er kunnáttu á hinum fjölmörgu þáttum sem tengjast öflun, skipulagningu, varðveislu, miðlun og notkun þekkingar og upplýsinga ein meginforsenda þess að hægt sé að nýta þekkingu af hagkvæmni.

Atvinnuhorfur bókasafns- og upplýsingafræðinga eru góðar og nemendur eftirsóttir til starfa að námi loknu. Sívaxandi þörf er fyrir sérfræðinga sem búa yfir færni og þekkingu til þess að skipuleggja og miðla upplýsingum á skilvirkan og árangursríkan hátt.

Kennsla í bókasafns- og upplýsingafræði er bæði fræðileg og hagnýt. Skipulag námsins tekur mið af þeim miklu og hröðu breytingum sem orðið hafa á starfsumhverfi bókasafns- og upplýsingafræðinga.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## GRUNNNÁM Í BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐI

### BA-nám í bókasafns- og upplýsingafræði

BA-nám er þriggja ára nám. Hægt er að taka bókasafns- og upplýsingafræði sem aðalgrein til 180 eða 120 eininga og sem aukagrein til 60 eininga. Nemendur með bókasafns- og upplýsingafræði sem aukagrein (60e) geta tekið eftirfarandi áherslulínur:

- Bókasafns- og upplýsingafræði
- Stjórnun og rekstur
- Upplýsingamiðlun
- Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti hjá skipulagsheildum

## FRAMHALDSNÁM Í BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐI

### MA í bókasafns- og upplýsingafræði - 120e

Þeir sem taka MA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði bæta við sig tveimur árum í sjálfstæðu fræðilegu rannsóknarmámi. Það felst annars vegu í viðamikilli ritgerð (40-60e) og hins vegar í námskeiðum á völdum sviðum svo og námskeiðum í rannsóknaraðferðum og kenningum.

Inntökuskilyrði er BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði með fyrstu einkunn.

Hægt er að taka eftirfarandi áherslulínur:

- Stjórnun og stefnumótun
- Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun
- Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti hjá skipulagsheildum

### MA í bókasafns- og upplýsingafræði með áherslu á margbreytileika - 120e

MA námi með áherslu á margbreytileika lýkur með 40e MA-ritgerð. Náminu er ætlað að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu á margbreytileika nútímasamfélaga. Fjallað er um upplýsingafræði í tengslum við menningarmun og

helstu þætti félagslegrar mismununar svo sem kyn, kynhneigð, þjóðernisuppruna, fötlun, aldur og stétt, með sérstakri áherslu á samvinnun þessara þátta í daglegu lífi.

Inntökuskilyrði er BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði með fyrstu einkunn.

### MLIS í bókasafns- og upplýsingafræði - 120e

Námið er ætlað þeim sem lokið hafa háskólagráðu í annari grein en bókasafns- og upplýsingafræði.

Þeir sem taka MLIS-próf ljúka tilteknum skyldunámskeiðum í bókasafns- og upplýsingafræði og ritgerð (30e) auk valnámskeiða. Námið er hægt að taka á tveimur árum.

Inntökuskilyrði er háskólapróf í annari grein en bókasafns- og upplýsingafræði með fyrstu einkunn.

Hægt er að taka eftirfarandi áherslulínur:

- Skipulag þekkingar
- Stjórnun og stefnumótun
- Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun
- Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti hjá skipulagsheildum

### Diplómanám á meistarastigi - 30e

Diplómanám í bókasafns- og upplýsingafræði er eins árs nám þar sem eingöngu er um námskeið að ræða, alls 30 einingar.

Inntökuskilyrði er BA-próf, BS-próf eða sambærilegt próf.

Hægt er að taka eftirfarandi áherslulínur:

- Skipulag þekkingar
- Stjórnun og stefnumótun
- Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun
- Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti hjá skipulagsheildum

### Doktorsnám í bókasafns- og upplýsingafræði - 210e

Doktorsritgerð er metin til 180 eininga. Að auki þarf nemandi að taka 30 einingar í námskeiðum. Gera má kröfu um að nemandi í doktorsnámi taki að auki einingar í bóknámshluta sé talin þörf á að viðkomandi bæti við undirstöðuþekkingu á sína á fræðasviði ritgerðarinnar.

Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir að nemandinn taki hluta námsins við erlendan háskóla.

## FJARNÁM

Ýmis námskeið í bókasafns- og upplýsingafræði eru kennd í fjarnámi auk þess að vera kennd í staðbundnu námi við Háskóla Íslands.

## FASTIR KENningarAR

Ágústa Pálsdóttir, MA, PhD, prófessor og formaður námsbrautar.

Jóhanna Gunnlaugsdóttir, MSc (Econ), PhD, prófessor.

Stefanía Júlíusdóttir, MS, lektor.

## NEMENDAFÉLAGIÐ KATALOGOS

Katalogos er félag nemenda í bókasafns- og upplýsingafræði. Það stendur fyrir uppákomum og heimsóknnum á vinnustaði bókasafns- og upplýsingafræðinga. Félagið gefur út Blöðung, eitt til tvö tölublöð á ári. Einnig hefur félagið það hlutverk að gæta hagsmuna nemenda og vera þeim til ráðgjafar um mál er varða námið.

[www.nemendafelog.hi.is/katalogos](http://www.nemendafelog.hi.is/katalogos)

Nánari upplýsingar er að finna í Kennslukrá Háskóla Íslands á heimasíðu Háskólans [www.hi.is](http://www.hi.is) og á vefsíðu Félags- og mannvísindadeildar [http://www.hi.is/felagsvisindasvid\\_deildir/felags\\_og\\_mannvisindadeild/adal/forsida](http://www.hi.is/felagsvisindasvid_deildir/felags_og_mannvisindadeild/adal/forsida)

Skrifstofa Félags- og mannvísindadeildar · Gimli við Sæmundargötu · 101 Reykjavík · Sími 525 5444 · [fom@hi.is](mailto:fom@hi.is)